

Reglur um kjör íþróttamanns Grundarfjarðar

1. grein

Íþróttafélög í Grundarfirði skili tilnefningum um íþróttamann Grundarfjarðar til íþrótt- og tómstundarnefnd fyrir 10. nóvember ár hvert.

Auglýst skal eftir tilnefningum eigi síðar en þremur vikum áður.

2. grein

Félögunum er heimilt að tilnefna einn einstakling fyrir hverja grein íþróttar sem stunduð er hjá viðkomandi félagi. Skilyrði er að viðkomandi hafi lögheimili í Grundarfjarðarbæ og sé á fimmtánda aldursári. Tilnefningum skal skila á sérstöku eyðublaði sem nefndin úthlutar. Íþrótt- og tómstundarnefnd er heimilt að bæta við tilnefningum.

3. grein

Faglegt mat á tilnefningum og framkvæmd kjörsins skal vera í höndum íþrótt- og tómstundarnefndar.

4. grein

Aðal- og varamenn íþrótt- og tómstundarnefndar auk eins fulltrúa frá hverri deild allra íþróttafélaga í Grundarfirði, kjósa íþróttamann Grundarfjarðar samkvæmt vinnureglum sem íþrótt- og æskulýðsnefnd setur.

5. grein

Íþróttamaður ársins í hverri grein hlýtur sérstaka viðurkenningu en kjörinn íþróttamaður Grundarfjarðar hlýtur eignargrip ásamt farandbikar sem viðkomandi varðveitir í eitt ár.

6. grein

Afhending viðurkenninga og tilkynning á íþróttamanni Grundarfjarðar skal fara fram með viðhöfn sem íþrótt- og tómstundarnefnd ákveður hverju sinni.

Samþykkt í íþrótt- og tómstundarnefnd 13. Janúar 2026